| **Kennari** | Wolfgang Frosti Sahr | **Sk.st.** | WFS |
|---|---|---|---|

**Áfangalýsing:** Framhald í þýsku. Nemendur hafa tileinkað sér grunnatriði og halda áfram að treysta undirstöður þýskukunnáttunnar. Fleiri sagnbeygingarmynstur kynnt til sögunnar, þekking á fallstjórn dýpkuð og öðrum tíðum bætt við. Nokkrar borgir í þýskumælandi löndum verða kynntar og fjallað um þær. Haldið verður áfram að byggja upp orðaforðann. Mikilvægustu atriðin úr þýsku 103 verða endurtekin. Nemendur styrkjast í að tjá sig og geti spjallað um sína hagi sem og daglegt líf daginn og veginn á þýsku. Í munnlegu prófi í lok áfangans reynir á þessa tjáningarhæfni. Nemendur eiga að vera færir að þýða lesbókatexta án orðabókar og geti skrifað stíla sem annars vegar taka á ofannefndum málfræðiatriðum og hins vegar þeim atriðum er tengjast munnlega prófinu.

**Markmið:** Eftir byrjendakennslu í þýs103 stefnir þessi áfangi að því að festa grunnkunnáttu í tungumálinu og bæta nýjum undirstöðuatriðum við. Nemendur verða færir að skilja og tjá sig í nútíð og liðinni tíð og skilja grundvallarsamhengi í fallstjórn. Í vaxandi mæli fer kennsla fram á þýsku. Áframhaldandi áhersla á aukningu orðaforða, þýðinga og stíla. Hlustunarefni er gert hátt undir höfði sem og munnlegri tjáningu. Eftir þennan áfanga eiga nemendur að hafa náð tökum á ábendingarfornöfnum; öllum núþálegum sögnum, þátíð sagnanna "haben" og "sein"; fallstjórn sagna og forsetninga í nf, þf og þgf; núliðinni tíð; raðtölum; beygðum og óbeygðum lýsingarorðum í nf og þf sem og stigbreytingu lýsingarorða.

| | | |
|---|---|---|
| **Námsgögn:** | Þýska fyrir þig I (lesbók, vinnubók, málfræði). | Reykjavík: M&M, 2001 |
| | Felix & Theo: Oktoberfest | Berlin: Langenscheidt 1995 |
| | Steinar Matthíasson (orðabók ) | Reykjavík: IÐNÚ, 2004 |
| | Ítarefni þýs203 | Akureyri: Skrifstofa VMA |

**Vægi námsþátta og námsmat**

| | | |
|---|---|---|
| 8% | **Þýðing/ritun**[1] | Tímaverkefni án orðabókar. |
| 8% | **Stöðupróf**[1] | Sbr. skriflegt lokapróf. |
| 8% | **Hlustun**[1] | Hlustað á þýskan texta og spurningum svarað skriflega. |
| 8% | **Oktoberfest**[2] | Lestur skáldsögu heima/í tímum og verkefnavinna. Í prófi úr þessum matsþætti verða lagðar fyrir krossaspurningar og spurningar á íslensku og/eða þýsku. |
| 10% | **Samtal**[2] | Lestur texta úr lesbókinni (5%) og spurningar/svör á þýsku um hagi nemenda og daglegt líf (5%). |
| 8% | **Vinnueinkunn** | Kennari fylgist með þátttöku í kennsluumræðunni (4%) og metur án frekari auglýsingar ýmis skilaverkefni (4%). |
| 50% | **Skriflegt lokapróf** | þýðingar í samræmi við orðaforða lesbókatexta, ritun í samræmi við ítarefnið. Málnotkun sbr. markmiðslýsingu. Ath.: Prófið er tekið án orðabókar. |

1 Missi nemandi af viðkomandi matsatriði hækkar vægi lokaprófs því sem nemur.

2 Mæti nem. ekki í úhlutaðan próftíma þarf hann að leggja fyrir vottorð ellegar verður einkunn hans í þessum matsþætti að engu. Sjúkrapróf er í síðustu kennslustund annarinnar.

**Áætlun um yfirferð:**

| vika | dagsetning | atburðir | yfirferð | námsmat |
|---|---|---|---|---|
| 2 | 07.01.-11.01. | kennsla hefst 08.01. | kafli 10 | |
| 3 | 14.01.-18.01. | | kafli 10 | |
| 4 | 21.01.-25.01. | | kafli 11 | |
| 5 | 28.01.-01.02. | | kafli 11 | þýðing/ritun |
| 6 | 04.02.-08.02. | | kafli 12 | |
| 7 | 11.02.-15.02. | - kennslufall 14./15.02. - | kafli 12 | |
| 8 | 18.02.-22.02. | | kafli 12/13 | stöðupróf |
| 9 | 25.02.-01.03. | - miðannarmat - | kafli 13 | |
| 10 | 04.03.-08.03. | | kafli 13 | |
| 11 | 11.03.-15.03. | - opnir dagar 12./13.03. - | Oktoberfest | |
| 12 | 18.03.-22.03. | | Oktoberfest | próf Oktoberfest |
| 14 | 03.04.-05.04. | - kennsla hefst eftir páskafrí 03.04. - | kafli 14 | |
| 15 | 08.04.-12.04. | | kafli 15 | hlustun |
| 16 | 15.04.-19.04. | | kafli 16 | |
| 17 | 22.04.-26.04. | - sumardagurinn fyrsti 25.04. - | kafli 16 | samtal |
| 18 | 29.04.-30.04. | | sjúkrapróf | |

**- Réttur áskilinn til breytinga -**

**Ábending**: Mætingarskylda er 80% - lakari mæting jafngildir úrsögn úr áfanganum. Notkun fartölva er ekki heimil í áfanganum. Nemendum er bent á skólareglurnar VMA. Endurtekin mæting án viðhlítandi námsgagna varðar brottrekstur úr tíma.

**Dagsetning: 04.01.2013**

**Undirritun kennara**

**Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils**